

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18.4.2024
Málsnúmer: 202403-0036
LA

Efni: Umsögn um matsskyldu jarðvarmanýtingar í landi Króks á Folaldahálsi.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 13. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar um að bora þrjár nýtingarholur, þar af tvær nýjar, fyrir 3,9 MW jarðvarmavirkjun á Folaldahálsi. Afmörkun nýtingarsvæðisins færist norðar miðað við gildandi deiliskipulag.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsögn varðandi jarðvarmavirkjun á Folaldahálsi, 26. febrúar 2021, þar sem lýst var áhyggjum yfir áhrifum jarðvarmavirkjunarinnar á náttúruverndarsvæðið Grændal sem hefur mjög hátt verndargildi bæði á lands- og heimsvísu. Þessar áhyggjur eru enn til staðar þar sem vitað er að jarðhitakerfi eru flókin og breytileg.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina sem fylgdi tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

- Fjölgun borhola tengist fyrirhugaðri notkun á ákveðnum gufuhverfli sem þarf 16 kg/s af gufu fyrir 3,9 MW virkjun í stað 2,5 kg/s. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum á jarðhitakerfið vegna rúmlega sexfaldrar aukningar á upptöku gufu þar sem þrýstingur kerfisins er frekar lágur (um 9 bör).
- Gera þarf grein fyrir náttúruvá þar sem borholurnar eru staðsettar við virka jarðskjálftasprungu.
- Full þörf er að vakta grunnvatnsstöðu og lífríki nyrst í Grændal vegna nálægðrar við virkjunina.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna nálægðar við mikilvægt náttúruverndarsvæði og mögulegum áhrifum á það.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

